

MINNING:

Magnús Kjaran

stórkaupmaður

Útför Magnúsar Kjaran stórkaupmanns er gerð í dag, en hann andaðist skyndilega að heimili sínu hér í bæ þriðjudaginn 17. þ. m. tæpra 72 ára að aldri. Magnús var fæddur 19. apríl 1890 í Vælugerði í Flóa. Foreldrar hans voru Tómas Eyvindsson í Dúðu, Jónssonar í Sauðtúni í Fljótshlíð Eyvindssonar og kona hans Sigríður Pálsdóttir, hreppstjóra á Selalæk, Guðmundssonar.

Magnús ólst upp í foreldrahúsum hér í Reykjavík, ásamt stórum systkinahóp og var snemma settur til starfa. Hann lauk fjöggra ára praktísku verzlunarnámi eins og þá tíðkaðist, og sat einnig í Verzlunarskóla Íslands fyrsta starfsár skólans. Kom síðar í ljós, að þessi námsundirbúningur reyndist hinn traustasti grundvöllur, er fangbrögðum var beitt við stærri og meiri verkefni síðar á lífsleiðinni.

Hér er þó sá undirbúningsskóli enn ótalinn, sem mótaði Magnús neira en flest annað í æsku, að hans eigin sögn. Hann gekk ungur ungmennafélagshreyfingunni á lönd. Innan vébanda hennar hasliði hann sér völl, svo sem títt var um marga vaska drengi í byrjun aldarinnar. Áhugamálin og verkefni voru mörg og háleit. Íslenska þjóðin skyldi rétta sig úr kútnum. Ný tækni tekin í þjónustu atvinnuveganna og landið ræktað. Þó var sú hervæðing hugans, sem þessi sveit ungmennafélaga ástundaði, ef til vill enn þýðingarmeiri. Drengskapur var dyggð og ættjarðarástin var glædd. „Starfið er margt, en eitt er bræðra bandið, boðorðið það er að elska, bygga og treysta á landið“, var boðskapur, sem þessir ungu menn vildu flytja. Einkunnarorð ungmennafélaganna var heldur engin tæpitunga eða hálfkveðin vísa, heldur skilorðslaus tjáning og skuldbinding: Íslandi allt.

Það fer ekki á milli mála, að þeir sem kynntust Magnúsi, veittu því athygli, að hann bjó alla ævi að þessum hugsjónum, sem hann tileinkaði sér ungur og voru honum síðar leiðarljós á lífsleiðinni.

II.

Þegar Magnús Kjaran lézt var hann löngu orðinn þjóðkunnur maður og bar margt til: Andlegt og líkamlegt atgervi, mikil og rík félagshyggja og frábærir skipulags-hæfileikar. Allir þessir eiginleikar eiga sinn þátt í, að eftir honum var tekið og verksvið hans varð óvenju vítt og margþætt, þegar lítið er um farinn veg.


Magnús var verzlunar- og kaup-sýslumaður af lífi og sál. Í þessu efni var hann þó í senn bæði af gamla og nýja skólanum. Staðgóða vörubekkingu og verkunnáttu hafði hann í veganesti frá læringsárunum, en hin sívökula viðleitni hans að vinna að bættum verzlunarháttum og reyna nýjar og hagkvæmar leiðir í viðskiptum, virtist honum beinlínis í blóð borin. Af fyrirtækjum þeim, er Magnús veitti forstöðu um skemmiri eða lengri tíma, skulu aðeins fá nefnd. Hann gerðist meðeigandi í Verzl. Liverpool 1918 og rak hana sem einkaeigandi frá 1925—30. Er það mál manna, sem til þekktu, að á þessum árum hafi Magnús beinlínis gerzt brautryðjandi um bættu vörudreifingu og snyrtimennsku í allri afgreiðslu. Árið 1930 stofnaði

Magnús sína eigin heildverzlun, sem jafnan síðan hefir verið kennd við nafn hans. En erfiðir tímar fóru í hönd. Heimskreppan mikla reið yfir og í kjölfar hennar, hér á Íslandi, sigldu gjaldeyrishöft og einkasölur.

Þetta voru erfiðir tímar fyrir unga og lítt gróna verzlun, enda reyndist svo, að ýmsar þær vörur, er Magnús hugðist verla með, urðu háðar hinum ströngustu innflutningshöftum, eða innflutningur

skipti við Svíþjóð. Magnús Kjaran kom þar nokkuð við sögu sem stjórnarformaður Sænsk-Ísl. verzlunarfélagsins h.f., en það fyrirtæki hafði allmikil viðskipti við sænsk firmu. Magnús var um langt árabil sænskur konsull hér á landi.

Að lokum nefni ég hér fyrirtæki, er Magnús hafði einnig afskipti af sem stjórnarformaður um margra ára skeið, en það er Bók-fellsútgáfan h.f. Að sjálfsögðu hafa viðskiptasjónarmið ráðið tals-



Magnús Kjaran.

þeirra var falinn ríkiseinkasölum. En Magnús hélt velli og fyrirtæki hans varð brátt velmetið, enda komu þá í góðar þarfir bjartsýni hans og hugkvæmni. Um þetta leyti tók Magnús einnig að sér framkvæmdastjórn Sambands bak-arameistara og leysti það starf af hendi með mikilli þryði, svo sem vænta mátti.

Áratugurinn eftir 1930 var allri verzlun hér næsta andstæður, en 1939 dró svartu bliku á loft. Síðari heimsstyrjöldin brauzt út og miklir erfiðleikar voru fyrirjáanlegir á sviði utanríkisverzlunarinnar og voru margir úggandi um sinn hag, enda sumum starfsemi Landsverzlunarinnar frá fyrra stríði enn í fersku minni. Þá gerðist það, fyrir forgöngu Verzlunarráðsins, að menn hófust handa um „fljóta ekki sofandi að feigðarósi. Ástæðulaust væri að bíða eftir því, að hið opinbera þyrfti að leysa vandann með stofnun nýrrar landsverzlunar. Afleiðing þessara ráðagerða varð stofnun Innflytjendasambandsins, sem á öfriðar-árunum annaðist megnið af matvöruinnflutningi til landsins. Ásamt ýmsum öðrum kaup-sýslumönnum átti Magnús góðan þátt í að koma þessum samtökum á fót og var hann valinn fyrsti framkvæmdastjóri og gegndi því starfi um margra ára skeið. Ég hygg, að stofnun Innflytjendasambandsins verði jafnan talin merkur atburður, þegar allar aðstæður eru hafðar í huga, og að menn þeir, er þar voru að verki, verði taldir hafa unnið gott og þarft verk. Í lok síðustu styrjaldar hófust mikil við-

verðu um stofnun þessa fyrirtækis. Mér er þó nær að halda, að af öðrum þræði hafi hér verið um hugðarefni Magnúsar að ræða, sem jaðraði við að geta talizt tóms-tundaiðja hans eða „hobby“, því Magnús var mikill bókaámaður, sem ekki aðeins átti margar og dýrar bækur, heldur las þær líka og naut þeirra.

III.

Er ég kom heim frá námi, réðst ég til Verzlunarráðs Íslands og kynntist ég þá fyrst Magnúsi Kjaran persónulega sem einum af forystumönnum verzlunartéttarinnar. Vissulega voru menn þeir, er ég þar starfaði með, flestir miklir einstaklingshyggjumenn og var Magnús þar enginn undantekning. Hitt varð mér einnig fljótt ljóst, að hann hafði jafnframt til að bera mikla og ríka félagshyggju. Hann skildi vel nauðsyn þess, að hagsmunahópar treystu samtök sín og ynnu saman þar sem það átti við. Munu þetta að nokkru áhrif frá starfi innan ungmennafélaganna.

Ýmis trúnaðarstörf voru Magnúsi falin fyrir stétt sína. Þannig átti hann lengi sæti í stjórn Verzlunarráðs Íslands og Félags Ísl. stórkaupmanna, var virkur og atkvæða mikill þátttakandi í svokölluðum verzlunarpingum, sem Verzlunarráðið gekkst fyrir um nokkurt skeið. Eru mér og mörgum öðrum enn í minni hvatningarræður þær, er Magnús flutti stétt sinni á þessum samkomum, enda var hann bæði málsnjall og kjarnyrstur. Magnús lét skólamáli verzlunarfólks mikið til sín taka. Honum

var vel ljóst, að mennt er máttur og að vel menntuð og viðsýn verzlunartétt er þjóðinni lífsnauðsyn. Hann var um skeið formaður skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, og hygg ég, að í hinu nýja skólahúsi, sem nú er risið af grunni, megi sjá nokkurn árangur af starfi hans á þeim vettvangi. — Félagshyggja Magnúsar kom fram á fleiri sviðum en beinlínis innan vébanda verzlunartéttarinnar, þótt það verði ekki rakið hér. Þó skal þess getið, að íspróttahreyfingin átti hauk í horni, þar sem hann var, enda góður íspróttamaður á yngri árum og iðkaði raunar „golf“ til hins síðasta. Um skeið átti Magnús sæti í stjórn Rauða Kross Íslands og bæjarfulltrúi var hann eitt kjörtímabil hér í Reykjavík.

IV.

Ég gat þess hér að framan, að Magnús Kjaran hefði verið búinn frábærum skipulagshæfileikum. Hygg ég, að í sambandi við þá eiginleika verði hans lengst minnt. Hann var, svo sem alkunnugt er, framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar 1930. Er það mál manna, að honum hafi farið það starf úr hendi

með ágætum. Vert er þó að hafa í huga, að þótt ekki séu liðnir margir áratugir frá þeim mikla atburði, var hér margt með meiri frumbýlingshætti en nú er. Gerði það að sjálfsögðu verkefni Magnúsar og samstarfsmanna hans erfiðara, en því meira ber að meta og þakka það starf, er leiddi til þess, að hátíðin varð landi og þjóð til sóma. Að verðleikum varð Magnús margvislegs heiðurs aðnjótandi fyrir þessi störf sín.

V.

Árið 1915 kvæntist Magnús Kjaran heitmei sinni, Soffíu. Er hún dóttir Franz sýslumanns Siemsen. Varð þeim fjögurra barna auðið: Birgir, alþingismaður, kvæntur Sveinbjörgu Blöndal frá Siglufirði, Þórunn, gift Pétri Ólafssyni, forstjóra og bókaútgefanda, Sigríður, gift Sigurjóni Sigurðssyni, löggreglustjóra í Reykjavík, og Eyþór, verzlunarmaður.

Ég vil ljúka þessum kveðjuorðum mínum með því að votta frá Soffíu og fjölskyldu hennar samúð mína. Minningin um góðan dreng lifir.

Oddur Guðjónsson.

Aðalfundur Sjálfstæðismanna í Árnessýslu

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins „Óðins“ Selfossi var haldinn 14. þ.m. Þorsteinn Sigurðsson, formaður flutti skýrslu fráfarandi stjórnar. Axel Jónsson, fulltrúi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins flutti erindi um skipulagsmál Sjálfstæðisflokksins. Þá voru samþ. lagabreytingar samkvæmt breyttum skipulagsreglum flokksins. Félagssvæði Sjálfstæðisfélagsins „Óðins“ var ákveðið Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur og Selfoss.

Í stjórn voru kosnir: Þorsteinn Sigurðsson, Selfossi, form. Vigfús Einarsson, Seljatungu, Einar Sigurjónsson, Selfossi, Bjarni Ólafsson, Króki og Runólfur Guðmundsson, Ölversholti.

Varastjórnarmenn: Skúli B. Ágústsson, Selfossi, Sigurður Guð-

mundsson, Selfossi, Einar Eiríksson, Miklaholtshelli, Páll Jónsson, Selfossi og Gunnar Sigurðsson, Seljatungu.

Endurskoðendur: Einar Pálsson, Selfossi og Sigurður Ásbjörnsson, Selfossi

Þá fór fram kosning fulltrúa í fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Árnessýslu og kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi.

Að loknum aðalfundarstörfum flutti Sigurður Óli Ólafsson, alþingismaður yfirlit yfir gang helztu þingmála, voru síðan almennar umræður og tóku margir til máls.

Kom í ljós hjá ræðumönnum mikill áhugi fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins og var landbúnaðarráðherra sérstaklega þökkun forusta hans í því mikla hagsmunamáli bændastéttarinnar.

Dekkmenn bundnir

Enskur skipavörukaupmaður hefir látið gera öryggisútbúnað, sem á að geta hindrað, að fiskimenn tak. út, þegar þeir eru að starfa á þilfari í sjógangi og illviðri.

Maður þessi er búsettur í útgerðarbænum Peterhead, og hann fór að hugsa um öryggi sjómanna þar, þegar þrjá unga menn tók fyrir borð við mjög svipuð skilyrði á síðasta vetri. Lét hann þá útbúa ólar, sem spenna skal um brjóstakassa manna, en síðan er nælonlína notuð til að krækja annars vegar í þessa „spennitreyju“ og hinsvegar í stjórnspall skipsins, stýrishús eða annað á skipinu, sem hentugt er til þessa.

Maður sá, sem hér um ræð-

ir, Robert Buchan að nafni, er hluthafi í nokkrum fiskiskipum í Peterhead, og var hann svo sannfærður um, að hugmynd sín væri rétt og mundi bera góðan árangur, að hann lét útbúa „treyjur“ þessar handa mönnum á ofangreindum skipum.

Reynsla er ekki fengin á út búnaði þessum, er hann hefir vakið mikla athygli víða á fiskibæjum Bretlands, einkum þar sem hin minni skip eru gerð út og hættur eru því meiri fyrir menn, sem á þiljum vinna í misjöfnu veðri. Útbúnaðurinn vegu aðeins um 4 pund fyrir hvern mann, og mun ekki vera til trafala við vinnu.